Fjórir kátir þrestir

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Erlent lag — höfundur óstaðfestur

tra,la,la,la,la,la,la,la,la,la,la tra,la,la,la,la,la,la,la,la,la
Fjórir kátir þrestir sátu saman á kvist
vorljóðin sín sungu af lyst
báðu söng um ást og unað , yndi og ró
bú sitt í björtum skóg
Ef þú kemur hér þegar kvölda fer
muntu heyra þann sönginn sem ég ann

tra,la,la,la,la,la,la,la,la,la,la tra,la,la,la,la,la,la,la,la,la
fyrir þig kveða þeir vísurnar sínar vorkvöldin löng
tra,la,la, …….
harmarnir flýja ef hlustarðu á þeirra söng

Fjórir kátir þrestir sáu að sumarið leið
hægt færðist nær haustið sem leið
litlir ungar urðu fleygir
yndið var nóg , ljúft var í laufgum skóg
Ef þú kemur hér þegar kvölda fer
muntu heyra þann sönginn sem ég ann

tra,la, ……
fyrir þig kveða þeir vísurnar sínar vorkvöldin löng
tra,la,la, …….
harmarnir flýja ef hlustarðu á þeirra söng
Fjórir kátir þrestir flugu suður um sjó
Hljóðnaði í haust bleikum skóg
En að vori aftur gista ættarlandið
ættarlandið, hugsa um hreiðrið sitt
Ef þú kemur hér þegar kvölda fer
muntu heyra þann sönginn sem ég ann

tra,la, ……
fyrir þig kveða þeir vísurnar sínar vorkvöldin löng
tra,la,la, …….
harmarnir flýja ef hlustarðu á þeirra söng

Höfundaskráning: https://www.ruv.is/utvarp/spila/mannlegi-thatturinn/23616/7hlg1d

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.